ÞJÓÐVILJINN

Föstudagur 26. janúar 1973 — 38. árg. 22. tbl.

KRON
ÞAÐ BORGAR SIG AÐ VERZLA Í KRON

Alþýðubankinn hf

Er að myndast nýr gígur?

Rauk úr Búastaðatúninu

Óttast að fleiri hús falli fyrir eldsumbrotunum. — Rutt út úr fjölda húsa

Vilborg Harðardóttir, fréttamaður Þjóðviljans í Vestmannaeyjum, símaði kl. 5:

Fyrir um klukkutíma urðu jarðfræðingar varir við að farið var að rjúka úr Búastaðatúninu fyrir ofan og sunnan Vilpu, en þessi staður er nokkuð vestar og ofar, eða sunnar, en Kirkjubæjarþyrpingin. Óttast jarðfræðingarnir, að þarna kunni að myndast ný gighola á hverri stundu, og væru þá allmörg hús, gömul og ný, í bráðri hættu. Ráðlögðu þeir að þessi hús yrðu þegar í stað rudd og byrjað var að flytja þaðan húsmuni.

Þegar ég skrapp þangað rétt áðan sá ég að visu ekki reykinn, enda var engum leyft að nálgast staðinn. Hins vegar sáum við gjósa upp sem snöggvast mökk í

Frh. á bls. 15

Þessa mynd tók Ævar Jóhannesson um fjögurleytið fyrsta dag gossins. Myndin sýnir eitt húsanna við Kirkjubæ sem nú er brunnið og hálffalið undir hrauninu.

Vilborg Harðardóttir símaði eftirfarandi kl. 22.30 í gærkvöld: Vikrinum rignir nú yfir bæinn og er erfitt að komast leiðar sinnar. Vikurinn er nokkuð grófgerður og hefur þegar bætt talsverðu ofan á það lag sem lagðist yfir í nótt. Ég er nýkomin frá gosstöðvunum og var gosið álíka mikið og síðdegis í dag og ekkert hefur frekar skeð á Búastaðatúninu síðan jarðfræðingarnir sáu rjúka þaðan um fjögur leytið í dag. Af öryggisástæðum hefur svæðinu þó verið lokað, og varna lögreglumenn fólkinu ferðir austur fyrir Vilpu. Ein jarðýta frá flugvellinum er nú komin á staðinn og tvær eru væntanlegar frá Reykjavík ásamt ýtustjórum og verkfræðingum og er ætlunin að reyna að hefta frekari framgang hraunstraumsins til vesturs með því að ýta upp varnarvegg vestan Kirkjubæjarhvirfingarinnar og austan nýju húsanna þar í nágrenninu. Þá eru uppi hugmyndir að fá flugvél frá hernum til að sprengja austurvegg gígsprungunnar og veita gosstraumnum þannig til austurs.

Forsetinn bað um að bjarga minnisvarða Jóns píslarvotts

Forseti Íslands dr. Kristján Eldjárn, kom til Vestmannaeyja í gær. Magnús Magnússon, bæjarstjóri tók á móti forseta og Vestmannaeyjanefndinni, sem kom með annarri flugvél, og fór hópurinn allur að gosstöðvunum við Kirkjubæ. Þar kom Kristján Eldjárn því til leiðar að minnisvarðanum um Jón Píslarvott var bjargað undan hrauninu, og var fenginn vörubíll með krana til að draga minnisvarðann uppúr hrauninu.

Myndin sýnir minnisvarðann áður en hann var kominn á kaf í hraunið. —vh.

Samhljóða afstaða bæjarstjórnar Keflavíkur:

KANINN RÝMI ÍBÚÐIR VEGNA EYJAFÓLKSINS

Bæjarstjórn Keflavíkur samþykkti með 9 samhljóða atkvæðum á fundi sínum í gær, að fara þess á leit við varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, að hún hlutist til um að húsnæði það í Keflavík, sem setið er bandarískum hermönnum, verði rýmt ef þörf krefur fyrir Vestmannaeyingum.

Þá ákvað bæjarstjórnin að kjósa þriggja manna nefnd, auk bæjarstjóra til að ræða og gera tillögur til lausnar þeim vanda sem upp kynni að koma við slíkan tilflutning.

Í bókun, sem innifelur þessa samþykkt er einnig lýst yfir samúð með Vestmannaeyingum í þeim hörmungum sem yfir þá dynja, og heitið allri þeirri aðstoð sem bæjarstjórnin geti veitt.

Jóhann Einvarðsson, bæjarstjóri í Keflavík, sagði blaðinu í gær, að samkvæmt tölum Varnarmálanefndar og eftir lauslegri könnun sem gerð hafði verið af starfsmönnum bæjarins, væru Ameríkumenn nú í liðlega 200 íbúðum í Keflavík einni. — úþ.

innlend syrpa

Rifandi tekjur hjá Kviabryggjumönnum

Grundarfirði, 22/1 — Vistheimilið að Kviabryggju er nú fullsetið, en þar eru barnsferður geymdir, sem eiga ógoldin barnsmeðlög úr hófi fram.

Rifandi tekjur hafa verið hjá Kviabryggjumönnum að undanförnu. Hafa þeir fengið að vinna hörpudisk í ákvæðisvinnu hér í plássinu, — náð miklum flýti og haft þetta 2500 til 3000 kr. í átta tíma dagvinnu.

Konur í Grundarfirði eru hörkuduglegar í skelvinnslu og hafa slegið landsmet í flýti. Hafa þær greinilega kennt Kviabryggjumönnum rétt handtök við hörpudiskinn.

Snarbatnaði við söng veðurfræðinga

Þúfum, 22/1 — Góð tíð hefur verið hér við Ísafjarðardjúp síðan um áramót. Snarbatnaði hún þegar þeir tóku kvartettinn veðurfræðingarnir í sjónvarpinu á gamlárskvöld.

Hér er auð jörð og verður aldrei vart við hin vondu veður í veðurspánni, sagði Ásgeir Svanbergsson, bóndi að Þúfum.

Fengitíminn er liðinn hér. Fer það eftir föstum lögmálum, sem ekki haggast.

Fé er haldið til beitar hér eins og hægt er og er þá fjórubeit sem önnur nýtt hér í sveitum.

Lítið hefur verið um samkomuhald. Stendur þó til að halda þorrablót á næstunni.

Kennt er við Reykjaneskóla eins og áður. Nokkrar breytingar eru þar á kennaraliði. Endast kennarar oft ekki lengur en þrjú til fjögur ár og vilja þá komast í þéttbýlið aftur.

11 bátar á rækju frá Hólmavík

Hólmavík, 22/1 — Hér eru eingöngu stundaðar rækjuveiðar, og hefur gefið vel á rækjuna að undanförnu á Strönduni. Veður hefur verið hér milt og gott að sækja til sjávarins.

Hér stunda 11 bátar rækjuveiðar og leggja jafnt upp í Drangsnesi og hér. Hafa allir fengið sinn vikuskammt og er unnið úr honum í rækjuvinnslu á vegum kaupfélagsins.

Verbúð í Rifi

Hellissandi, 22/1 — Mikill áhugi er hér að koma upp verbúðabryggju. Í fyrsta áfanga er ætlunin að koma upp 20 herbergjum auk eldhúss og matsalar.

Mörg fyrirtæki í plássinu hafa stofnað hlutafélag til þess að hrinda þessu máli af stað. Þá standa að þessu fjölmargir einstaklingar og að auki Landshöfnin í Rifi og Neshreppi. Sýnir þessi almenna þátttaka vel áhugann og þörfina fyrir verbúð.

Íbúðarhúsabyggingar hafa að mestu legið í láginni síðan 1966, en þó er útlit fyrir byggingaframkvæmdir með vori.

Sjóða niður lifur

Sandgerði, 22/1 — Unnið er nú að því að koma upp niðursuðu á lifur hér í Sandgerði. Hafa verið pantaðar vélar frá Noregi á vegum Atla h.f. og þá verður hægt að vinna rækju í þessari verksmiðju.



Frá Grundarfirði

Vertíðin byrjar ver en í fyrra

Hellissandi — Rifi, 22/1 — Gæftir hafa verið stirðar á vertíðinni og verður vart minni afla en á vertíðinni í fyrra hjá bátum hér. Þegar varð vart við góðan aflafeng í byrjun vertíðar í fyrra.

Nú er greinilega minna af þorski og hann miklu minni að stærð en í fyrra. 5 stórir bátar hafa byrjað róðra. Einn þeirra er þó hættur og fer á loðnu.

Atvinna er næg á Hellissandi, enda unnin þar skel.

Hér er eitt fínt mannlíf

Hólmavík, 22/1 — Á laugardag var haldið hér mikið þorrablót í félagsheimilinu. Sóttu það um 80 manns og var geysigóð skemmtun, sagði Andrés Valdemarsson á sýsluskrifstofunni.

Sá siður er ríkjandi hér, að konur sjái um þorrablótið og bjóða þá mönnum sínum til þess fagnaðar. Hins vegar sjá karlmennirnir um góufagnaðinn og bjóða konum sínum til veizlu.

Sex manna nefnd kvenna sá um þennan fagnað og voru sýndir þarna leikþættir og aðrir skemmtiþættir við góðar undirtektir.

Allt fór þetta vel fram. Sakamál eru engin hér fyrir embættinu og lítið af einkamálum. Er hér eitt fínt mannlíf.

Grábölvaður kostnaður

Þúfum, 22/1 — Bændur hafa mikinn hug á því að svonefnd Inndjúpsáætlun komist í framkvæmd.

Því miður hefur sumt strandað í kerfinu. Svo er um héraðsrafveitur. Borið er við fjárskorti hjá Orkuráði. Það kostar margfallt meira að reka þessar rafstöðvar á bæjunum en koma upp héraðsrafveitum. Þetta er grábölvaður kostnaður hjá bændum.

Sjónvarp sést ágætlega hér á bæjum, ef það á annað borð sést, sagði Ásgeir Svanbergsson, bóndi.

Fjórir bátar á skelfiskveiðum

Grundarfjörður, 22/1 — Stirðar gæftir hafa verið hjá Grundarfjarðarbátum á vertíðinni. Róa sex stórir bátar (50 til 120 tonna) og fjórir minni.

Bátarnir hafa allir verið á línu, en fara senn á net. Hefur afli verið rýr og til muna minni en á sama tíma í fyrra.

Atvinna er hins vegar nóg í Grundarfirði, enda eru fjórir bátar á skelfiskveiðum.

Verið er að stækka fiskverkunarstöð Zóphoníasar Jónssonar. Þá þyrfti að bæta hafnarskilyrði. Er ónæðissamt við bryggju, þegar stór skip eru afgreidd.

Rætt um aðstöðu Eyjabáta

Grindavík, 25/1 — Sameiginlegur fundur hafnarnefndar og hreppsnefndar byrjaði kl. 20 í gærkvöldi um útgerðaraðstöðu fyrir Eyjabáta á vertíðinni í vetur, sagði Eiríkur Alexandersson, sveitarstjóri við blaðið.

Rætt hefur verið um að stækka höfnina í Grindavík. Er þá hægt að gera það með litlum fyrirvara, og eru til fleiri en ein lausn á þeirri hafnarstækkun. Er nú verið að athuga þessa möguleika, en nokkuð erfitt að segja meira um þetta að sinni.

Grindavíkurbátar voru á sjó í gær og var afli heldur rýr eins og er á vertíðinni.

Eyjabátar farnir að róa

Þorlákshöfn 25/1 — Nokkrir Eyjabátar eiga net í sjó og eru nú byrjaðir að vitja þeirra og leggja aflann upp í Þorlákshöfn.

Þannig landaði Bergur VE hér í morgun, og von er á Kóp VE í kvöld með afla. Þá landaði Árni í Görðum síðastliðna nótt netaafla.

Netaafli bátanna er 10 til 20 tonn og er margra nátta.

Líberíuskip til verndar Bretum

Í umræðum um landhelgismálið í brezka þinginu á mánudaginn kom fram, að dráttarbáturinn Statesman sem á að vernda brezka togara á Íslandsmiðum er ekki brezk eign, heldur siglir hann undir fána Líberíu. Hefur brezka stjórnin sett sig í samband við Líberíustjórn vegna hlutverks bátsins við Ísland. En Statesman er á leigu á vegum brezkra aðila, og áhöfn hans er öll brezk.

Þetta kemur fram í Lundúnablaðinu the Times frá 23. þ.m. Verkamannaflokksþingmaðurinn Grosland frá Grimsby kvað það óviðeigandi að setja líberískt skip til átaka við Íslendinga, en Home utanríkisráðherra varði þessa ráðstöfun. Sagði hann að allt væri gert í þessu máli í samræmi við alþjóðalög um sjómennsku, og þetta skip sem vissulega væri skráð undir fána Líberíu, hefði verið það eina sem hægt var að fá með skömmum fyrirvara. Hins vegar væri hægt að setja annað í staðinn — í nauðsyn mundi sjóherinn skerast í leikinn.

Þá kom einnig fram hjá utanríkisráðherranum, að Statesman væri eingöngu sendur upp til Íslands til að vernda brezku togarana gegn ásókn (harassment) íslenzku varðskipanna, og ætti hann að sigla á milli varðskips og togara.

Eyjafólk getur hafið bankaviðskipti

Útvegsbanki Íslands hefur starfrækt í Vestmannaeyjum um áratugi eitt stærsta og umsvifamesta bankaútibú á landinu. Tókst að flytja sl. þriðjudag öll mikilvægustu skjöl útibúsins til Reykjavíkur. Er nú hafin afgreiðsla á vegum útibúsins í Útvegsbankanum í Reykjavík, og mun verða reynt að leysa úr vanda viðskiptamanna útibúsins á hagkvæmasta hátt (Fréttatilkynning frá Útvegsbanka Íslands).

HORN Í SÍÐU

Ódýrasta leiðin

Oft er ofurkapp manneskjunnar slíkt að hún sést ekki fyrir, og velur sér þá oft á tíðum ódýrustu leiðina út úr vandanum. 3 dæmi, sitt úr hverri áttinni, skulu nefnd hér um slíkt ofurkapp án forsjár.

Blöð og fjölmiðlar gerðu sem vonlegt var mikið úr skotárásinni í Breiðholti. Eftir að glansinn var farinn af ódæðinu sem frétt, hófust umræður í blöðum um bætur til mannsins sem örkuml hlaut vegna framgöngu sinnar til að bjarga ótöldum mannslífum, og þá var ódýrasta leiðin valin nefnilega sú að slá upp í lögum um almannatryggingar einni grein þeirra, og þar með fékkst þá út smánarleg upphæð til handa þeim sem dáðina drýgði. Þetta klingdi svo í eyrum fólks upp úr blöðunum, þar til Þjóðviljinn birti ýtarlega skýrgreiningu á því hvaða bætur maðurinn ætti rétt á að fá. Talsverður munur var á upphæð þeirri, sem borgarblöðin fengu eftir ódýru leiðinni og þeirri sem Þjóðviljinn fékk þó upphæðin sé reyndar ekki há en fyrir þeirri útkomu þurfti talsvert að hafa: Það þurfti að lesa sér til.

Í framhaldi af þessum umræðum, og jafnframt þeim, fóru fram umræður um löggæzluna almennt, og þó sér í lagi í Breiðholtshverfunum.

Grefst þá upp úr lögreglustjóranum að helzt þyrfti að bæta við 100 mönnum í lögregluliið borgarinnar. Hann hefði gert tillögur um aukningu lögreglumanna til ríkissjóðs, en fengið synjun. Því væri komið sem komið væri.

Þarna hentu íhaldsöflin í borgarstjórn Reykjavíkur saðningu á lofti og auðvitað Morgunblaðið og fylgirit þess, Alþýðublaðið og Vísir. Að sjálfsögðu var það ódýrasta leiðin: fólksfjölgun í Reykjavík hafði orðið svo gegndarlaus, en fjölgun í lögregluliðinu hafði ekki haldizt í hendur við fólksfjölgunina, og það að svo fátt var í lögreglunni var ríkisstjórninni að kenna, en undir dómsmálaráðuneytið heyrði öll löggæzla á landinu.

Þessi skýring er ódýr vegna þess, að ekki er nema um það bil ár síðan öll löggæzla var yfirtekin af ríkinu. Áður var lögregla hvers staðar undir yfirstjórn byggðarinnar, og Reykjavíkurlögreglan undir stjórn borgarstjórnarinnar.

Þótt fólksfjölgun í Reykjavík hafi verið ör, hefur hún vart verið svo hörð þetta eina ár, sem lögreglan hefur verið undir yfirstjórn ríkisvaldsins að þurft hefði að fjölga þess vegna í henni um 100 manns. Skýringin — sem var ákaflega nærtæk, en þurfti þó minni til að grípa til, og jafnvel ofurlítið hugrekki hjá gösprurum, — er einfaldlega sú, að vanrækt hefur verið um fjölmörg ár, bæði í Rvík og öðrum bæjum, að fjölga lögregluliði eftir því sem fólksfjölgun hefur orðið á hverjum stað. Þá voru bæjarfélögin að spara, en nú virðist þess ekki þurfa lengur, að minnsta kosti ekki í Rvík.

Fyrrverandi ráðherra, Ingólfur Jónsson, skrifar í málgagn sitt, Morgunblaðið, á laugardag grein sem ber yfirskriftina „Er innlendur skipasmíðaiðnaður að koðna niður?".

Í vikunni sem leið kom út skipaskrá en hún er miðuð við 1. janúar 1973, þannig að tölur í henni eru allar nýjar. Þar segir að Íslendingar eigi í smíðum 93 skip og báta, þar af 60 hér innanlands. Ekki virðist koðnunin vera komin á almannavitorð, og þykir þetta ódýr aðferð hjá fyrrverandi ráðherra að koma upp um að hann fylgist ekki betur með en svo, að sömu daga og hann talar um koðnun birta nokkur blöð fréttir af uppgangi þess hins sama. Sagt er að Ingólfur sé því ekki fjarhuga að verða ennaftur ráðherra, en það er sem betur fer ekki svo komið með marga fleiri.

Það ætti að vera aðall fleiri manna og kvenna jafnvel rauðsokka að fylgjast með því, sem er að gerast, og að afla sér vitneskju um hlutina, ef fólk vill reyna að leggja eitthvað til mála, en velja ekki alltaf ódýrustu leiðina.

Sú leið kemur nefnilega oft verr niður á þeim sem ekki eiga hlut að málum en þeim sem fyrir gasprinu stendur.

—ú.þ.

Eyjabátar róa áfram

Nokkrir Eyjabátar áttu net í sjó áður en eldgosið byrjaði, — höfðu þeir lagt netin á þekktum ufsamiðum fyrir austan Vestmannaeyja.

Eyjabátar hafa verið að vitja neta sinna og tóku þau með sér í land ásamt aflanum. Einn bátur, Danski Pétur, lagði þó netin aftur þarna á miðunum.

Í fyrradag lönduðu þessir Eyjabátar í Þorlákshöfn: Huginn II VE 55 með 17 tonn, Jörundur III 4,7 tonn, Gullberg VE 292 21 tonn, Danski Pétur VE 423 14,1 tonn.

Í gær lönduðu Bergur VE 15,7 tonn, Kristbjörg VE 70 2, 4 tonn, og von var á Arna í Görðum í gær kvöldi.

Einn bátur lagði netin aftur og ætlar að vitja þeirra næstu daga. Var það Danski Pétur, og heitir skipstjórinn á bátnum Emil Andersen. g.m.

Verkfalli aflýst hjá vélgæzlumönnum

Verkfalli vélgæzlumanna í frystihúsum hér á höfuð borgarsvæðinu hefur verið aflýst. Hafa deiluaðilar fallizt á að leggja þessa kjaradeilu fyrir kjaradóm að tillögu Loga Einarssonar, sáttasemjara.

Vélgæzlumenn hafa verið í verkfalli nær hálfan mánuð, en séð um viðhaldskeyrslu á vélum í frystihúsum í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi.

Vegna verkfallsbrota, meðal annars í Sjófangi, boðuðu vélgæzlumenn að þeir myndu hætta viðhaldskeyrslu á frystivélum í gær. Hins vegar vildu þeir ekki halda deilunni til streitu vegna þess ástands er skapazt hefur af völdum jarðeldanna í Vestmannaeyjum.

Eyjalæknar teknir til starfa í landi

Tilkynning frá Vestmannaeyjalæknum um læknisþjónustu fyrir Vestmannaeyinga á Reykjavíkursvæðinu:

Höfum opnað stofur í Domus Medica. Viðtalstímar eins og hér segir:

Ingunn Sturlaugsdóttir frá kl. 9,00—11,30 og 13,00—15,00, sími 2 65 19.

Einar Guttormsson: Mánudaga og föstudaga frá kl. 14,00—16,00, aðra daga nema laugardaga frá kl. 10,00—12,00. Sími 1 16 84.

Kristján Eyjólfsson, héraðslæknir, frá kl. 10,00—12,00 í sima 1 57 30. Einnig viðtalstími að Digranesvegi 12 í Kópavogi frá kl. 14,00—16,00, sími 4 15 55.

Óli Kr. Guðmundsson, yfirlæknir: Tímapantanir eftir samkomulagi í sima 1 57 30.

Einar Valur Bjarnason, yfirlæknir: Tími auglýstur síðar.

Einn læknir mun hafa þjónustu að staðaldri í Vestmannaeyjum, og munu læknarnir skiptast á um hana.

Heilsugæzla verður sem hér segir:

Ungbarnaeftirlit verður í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og er heilsuverndarhjúkrunarkona frá Vestmannaeyjum staðsett þar.

Fólki, sem búsett er í Kópavogi, Garðahreppi og Hafnarfirði, er heimilt að leita til heilsuverndarstöðva viðkomandi svæða. Tíma pantanir æskilegar.

Mæðraeftirlitið fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið verður í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Tímapantanir æskilegar.

Læknar frá Vestmannaeyjum
Læknafélag Reykjavíkur.

Taka á móti framlögum

Tekið er á móti framlögum vegna atburðanna í Vestmannaeyjum, bæði háum og lágum fjárhæðum, í gíróreikning nr. 90.000, svo og beint til skrifstofu Rauða krossins, Öldugötu 4.

Hafa eftirtaldar fjárhæðir m.a. borizt:

Frá Rafha, Hafnarfirði 100.000, St. Georgsskátum, Akureyri 50,000, Björgunarsveitinni Garði 50,000, Ísbirninum hf. 100.000, Kvenfélaginu Hringnum (með ósk um að fjárhæðin gangi til barna) 100.000, Timburverzlun Árna Jónssonar 100.000, Lúðvík Storr 300.000.

Þá hafa starfsmenn Steindórsprents, Sinavik-klúbburinn o.fl. samtök og einstaklingar sent myndarlegar fjárhæðir. Samtök Lionsklúbba á Norðurlandi hafa og boðið fram aðstoð.

Þá hafa Grímseyingar sent kr. 121.500,00, sem nemur kr. 1,500 á hvert mannsbarn, og er vert að senda sérstakar þakkir til þeirra fyrir þessa höfðinglegu bróðurkveðju.

Loks skal tilkynnt, að sendiherra Vestur-Þýzkalands kom í dag á skrifstofu Rauða krossins og afhenti rúmlega 3 milj. kr. framlag frá ríkisstjórn sinni, sem stjórn Rauða krossins þakkar af alhug.

Gosmökkurinn sást frá Rvík

Milli kl. 3 og 4 í gærdag sást gosmökkurinn frá Reykjavík. Flugvél frá Loftleiðum, sem var að fljúga um þetta leyti rétt við mökkinn, tilkynnti veðurstofunni að mökkurinn næði í 30 þúsund feta hæð, eða um 9—10 km.

Jónas Jakobsson, veðurfræðingur, sagði að þeir spáðu austan kalda og síðan stinningskalda í nótt, og það væri óheppileg átt fyrir þá sem nú eru í Vestmannaeyjum.

Eyjabúar í Útvegsbankanum í gær.

Tóku út 400.000 krónur í seðlum

Starfsfólk Útvegsbankans í Vestmannaeyjum hefur opnað afgreiðslu í aðalbankanum hér í Reykjavík, og var nokkur ös þar af Eyjabúum fram eftir degi í gær.

Þá hafði Sparisjóður Vestmannaeyja opnað afgreiðslu í Seðlabankanum við Hafnarstræti og höfðu 15 til 18 menn fengið þar afgreiðslu á þriðja tímanum í gær.

Margir höfðu ekki haft þá fyrirhyggju að taka sparisjóðsbækurnar með sér, — sumir gerðu það þó óvart af því þær voru í innri vasanum á jakkanum og hefur þessu fólki einkum staðið til boða að fá lán út á skuldabréf til þriggja mánaða og margir slegið þetta 15 þúsund kr. til 50 þúsund kr. Það var að minnsta kosti hámarkið fyrir það fólk er átti stórar fjölskyldur.

Á báðum stöðunum höfðu bókarhafar með sparisjóðsreikning tekið út fé, — ákaflega misjafnt, frá 5 þúsund kr. til 400 þúsund króna. Hefur verið nokkurt verk að telja út til dæmis 400 þúsund kr, í seðlum og annarri mynt.

Bankamönnum þótti nú ekki ráðlegt að fólk tæki svona mikið fé í seðlum eins og til dæmis 400 þúsund kr., en fólkið á þetta fé á bókum sínum og jafnvel meira til.

Aðrir hafa farið skaplegar í þetta og tekið minna af peningum, — þeir er taka lán í smærri upphæðum eiga líka kost á því að fá meiri peninga síðar.

Eins og áður er greint frá tóku margir ekki sparisjóðsbækurnar sínar með sér, — margir voru eins og slitnir úr sambandi og gripu hina furðulegustu hluti með sér á leiðinni út. Svo er um manninn er greip með sér dansk-íslenzka orðabók og setti inn á sig, og þýðir víst lítið að sýna bankafólki í Reykjavík slíkar bækur.

g.m.

Ólafur Haraldsson hafði starfað þrjá mánuði í sparisjóðnum í Eyjum. Nú afgreiðir hann í Seðlabankanum í Reykjavík.

Hvað líður Surtsey?

Þangað hefur ekki verið farið síðan í nóvember. Efna greining á nýja gosefninu liggur fyrir eftir vikutíma

Fréttamaður Þjóðviljans hafði samband við Svein Jakobsson jarðfræðing og spurði, hvort vísindamenn hefðu ekki farið til Surtseyjar til að kanna ástandið þar.

Sveinn sagði, að vissulega væri forvitnilegt að fara til Surtseyjar, en þangað hefur ekki verið farið síðan um miðjan nóvember, er hann og fleiri settu þar niður hitamælatæki en þau eru í sambandi við gervihnött, sem fer yfir Ísland tvisvar á sólarhring. Gervihnötturinn sendir sín boð til Bandaríkjanna. Tækin eiga að ganga í hálft ár og skrá hitabreytingu í sambandi við móbergsmyndun. Tækin voru í gangi um jólaleytið, en síðan hefur ekkert frétzt, og er gert ráð fyrir að allt sé í lagi.

Það er óneitanlega forvitnilegt að athuga hvort einhver breyting hefur átt sér stað í Surtsey, og ég vonazt til að þangað verði farið bráðlega, sagði Sveinn.

Þá sagði Sveinn, að þeir væru búnir að fá bergþynnur úr gosinu í Vestmannaeyjum, og er verið að athuga þær í smásjá, athuga hvaða kristallar eru í þessu og hverskonar berg þetta er. Það verður byrjað að efnagreina bergið á morgun, og ættu niðurstöður að liggja fyrir eftir vikutíma eða svo. Þá verður kannski hægt að finna út, af hvaða dýpi þetta kemur, og svo fæst með þessu samanburður við önnur gos.

Sveinn vildi engu spá um lengd gossins, sem vonlegt er, en samkvæmt reynslu standa gos frá einum mánuði upp í þrjú og hálft ár, og þetta getur staðið yfir á einhverju tímabili þarna á milli.

Þorbjörn Sigurgeirsson og fleiri hafa tekið að sér að mæla hita sjávar í grennd við Vestmannaeyjar. sj.

Eyjafólk í skóla

Menntamálaráðuneytið er nú að athuga í samráði við skóla stjóra barna- og gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum og fræðslustjórana í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, með hvaða móti unnt sé að veita nemendum úr Vestmannaeyjum kennslu, svo að þeir geti haldið námi sínu áfram.

Eigi er vitað hvar nemendur þessir dvelja nú, og þess vegna hefur verið ákveðið að biðja nemendur að skrá sig eftir dvalarstað föstudaginn 26. janúar á tímanum frá 1—6 síðdegis. Í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði fer skráning fram í fræðsluskrifstofum þessara staða, en annars staðar eru skólastjórar næsta skóla beðnir að annast skráninguna.

Gleymið ekki Gullfossi!

Gamall starfsmaður og stríðshetja Óskabarns þjóðarinnar, Eimskipafélagsins, hringdi til okkar og bað um að koma á framfæri þeirri hugmynd að Gullfossi yrði siglt til Eyja og hann hafður þar í höfninni til matsölu og þjónustu fyrir þá sem hugsanlega verða fluttir þangað að vinna fisk í verkunarhúsum.

Auk þess að geta hýst að staðaldri 300 manns, gæti hann auðveldlega á auga lifandi bragði flutt þá 1000, sem í landi þurfa að vera, á burt úr Eyjunum ef bráða hættu bæri að.

En umfarm allt, sagði stríðshetjan aldna gleymið ekki Gullfossi.

Séra Jón Þorsteinsson sálmaskáld í Kirkjubæ, höggvinn af Tyrkjum 1627

Um píslarvott Vestmannaeyinga

„Eftir það tóku þeir hinn prestinn, sira Jón Þorsteinsson, og liflétu hann hryggilega, þar hann stóð á hnjám og hélt höndum til himins og bað guð um náð. Þá voru höggnar af honum báðar hendurnar í einu, og strax þar eftir fékk hann tvö högg í höfuðið, og að síðustu var hann lagður í gegn með spjóti, svo dó hann kristilega svo sem einn sannur guðs píslarvottur". — Oddur Einarsson Skálholtsbiskup í bréfi.

Þegar Márar frá Alsír frömdu ránskap sinn hér á Íslandi árið 1627 — en sá atburður hefur jafnan verið nefndur Tyrkjaránið — gengu þeir harðast fram í Vestmannaeyjum. Þar drápu ránsmennirnir tugi manna, en höfðu hundruð á brott með sér til að selja mansali. Reisulegustu hús staðarins, Landakirkju og Dönsku hús, brenndu þeir til grunna. Þeir létu greipar sópa um allt fémætt.

Lítið lagðist fyrir andleg og veraldleg yfirvöld Eyjanna. Kaupmaðurinn danski, sem einnig hafði sýsluvöld, flúði upp í Landeyjar, annar presturinn var herleiddur suður í Barbaríið, en hinn drepinn í klettafylgsni. Prestsmaddömurnar báðar og börn þeirra voru í hópi hinna herteknu og brottrændu.

Ofanleitispresturinn séra Ólafur Egilsson, komst aftur til heimkynna sinna árið síðar, en kona hans frú Ásta ekki fyrr en að áratug liðnum. En ekkert barnanna átti afturkvæmt til Íslands og ekki heldur maddama Margrét úr Kirkjubæ.

Eyjamönnum þótti vænt um presta sína, og þeir hjuggu séra Jóni legstein og kölluðu hann píslarvott í virðingarskyni. Og eftir því að dæma sem sagt er frá síðustu lífsstundum séra Jóns er ekki fjarri að álykta, að hann hafi látið lífið fyrir trú sína, en hann var heittrúarmaður.

Legsteinn séra Jóns píslarvotts er nú geymdur í Þjóðminjasafni en hann fannst í Kirkjubæjarhverfinu í Vestmannaeyjum fyrir tæpum 50 árum. En minnisvarði var Jóni svo reistur í Kirkjubæ og stendur hann þar á milli húsanna. Hið nýja hraun hefur enn ekki náð að granda honum, og ef til vill heldur séra Jón hlífðarhendi yfir minnisvarða sínum.

Um drápið á séra Jóni píslarvotti segist **Jóni Helgasyni** ritstjóra svo frá í bók sinni, **Tyrkjaránið:**

„Séra Jón Þorsteinsson í Kirkjubæ og Margrét, kona hans, forðuðu sér í helli þann, sem nefndur var Rauðhellir, skammt út frá Vallargarði í Kirkjubæ, ásamt tveim börnum sínum, Jóni og Margréti, báðum á unglingsaldri, og heimilisfólki öllu..(Í hellinum las séra Jón) fólki sínu heilagt orð, talaði til þess tungum spámanna og guðspjallamanna, hafði yfir sálma og flutti fyrirbænir. Síðast las hann litaníuna á hnjánum, og allur hópurinn kraup í kringum hann...

Meðal fólksins var gamall próventumaður, Snorri Eyjólfsson. Honum veittist örðugt að stöðva hugann við ákall og fyrirbænir á þessari stundu, gekk út og inn um hellismunnann og sinnti því ekki nema litla hríð, þótt prestur skipaði honum að hafast við inni og fela sig guði á vald. Og sem prestur þuldi litaníuna, gekk Snorri út til þess að skyggnast um og hyggja að ferðum víkinga. Að nokkurri stundu liðinni gekk séra Jón fram í hellinn til þess að vita, hvað Snorri hefðist að. Sá hann þá, að blóð rann niður bergið, og er hann leit út, lá próventukarl þar nár. Séra Jón hörfaði inn í hellinn, sagði tíðindi og skipaði fólki sínu að fela sig guði á hendur. Í sömu andrá heyrðist fótatak víkinganna í hellismunnanum.

Þá leit prestur til konu sinnar og mælti:

„Þar koma þeir, Margrét, með sínu fótasparki. Nú skal ég óskefldur í móti þeim ganga".

Hún bað hann í guðs nafni að fara ekki frá sér. Jafnskjótt og hún hafði þetta mælt, komu víkingarnir í hellinn. Séra Jón sneri gegn þeim og féll á kné með upplyftar hendur, en sá þeirra, sem fyrstur fór, hjó til hans með sverði, svo að af tók báðar hendur. Prestur mælti:

„Ég befala mig guði. Þú mátt gera hið frekasta."

Víkingurinn hjó hann með sverði í höfuðið.

„Ég befala mig mínum herra, Jesú Kristó," sagði prestur.

Víkingurinn hjó hann í höfuðið í annað sinn. Þá hneig hann niður og stundi um leið:

„Það er nóg. Herra Jesús, meðtak minn anda."

(Víkingarnir drápu prest og tóku allt fólkið í hellinum höndum, 13 manns, og fluttu á skip með öðru herteknu fólki).

Sagt Jóni Þorsteinssyni var búinn legstaður að Kirkjubæ. Engum þeirra, sem víkingarnir grönduðu, var sýnd slík vegsemd sem honum. Hann hafði fyrir þrettán árum spáð Eyjabúunum „syndastraffi og pínum" fyrir atferli þeirra, „hvers kyns last og skamm". Og nú gátu allir séð að hann hafði talað af heilögum spádómsanda. Orð hans höfðu rætzt, bráðar og átakanlegar en nokkurn grunaði, og sjálfur hafði séra Jóni hnigið fyrir sverði morðingja með viðlíka orð á vörum og frelsarinn, þegar hann hneigði höfuð sitt á krossinum. Þeim, sem fyrir skemmstu hafði þótt prestur sinn harður viðskiptis, strangur í prédikun og afskiptasamur um skör fram, skynjuðu nú, að hér var fallin guðs hetja, hálfheilagur maður, einn af píslarvottunum".



Legsteinn séra Jóns píslarvotts fannst í kálgarði í Kirkjubæ sumarið 1924 og var hann þegar sendur Þjóðminjasafni. Á steininum stendur occisus, þ.e. veginn, og mun það einsdæmi í íslenzkum grafskriftum. — Séra Jón mun hafa verið kominn nær sextugu þegar hann var veginn. Hann var eitt af höfuðskáldum sinnar tíðar og orti m.a. Davíðssálma og Genesissálma. Einn af nákomnum niðjum hans var Jón biskup Vídalín, d. 1720.

Varnaðarorð píslarvottsins

Heyrið nú frómir, hvað ég verð
að hrópa út og fram segja:
Hér er nú stærri hefnd á ferð,
í hverri menn munu deyja,
ef vér ei gerum yfirbót,
afleggjum skemmdarverkin ljót.
Þar yfir má ei þegja.

Jón Þorsteinsson.

Eysteinn Jónsson við upphaf þingfundar í gær:

Náttúruhamfarirnar hafa áhrif á hag hvers manns í landinu

Alþingi kom saman til fundar á ný í gær að afloknu jólaleyfi. Minntist forseti Sameinaðs þings, Eysteinn Jónsson, atburðanna í Vestmannaeyjum í ræðu sinni, er hann bauð þingmenn til þings á ný.

Forseti Sameinaðs alþingis sagði:

Ég býð hv. alþingismenn velkomna til þingfunda á ný eftir fundahléið, og óska þeim farsældar á nýja árinu.

Síðan við vorum hér síðast saman á Alþingi, hefur orðið einn geigvænlegasti atburður í sögu þjóðarinnar, þegar gjósa tók á Heimaey, og íbúar Vestmannaeyja urðu að yfirgefa heimili sín og byggðarlag á einni nóttu svo gersamlega, að í eyði mátti kalla í bili.

Þyngst kemur þetta niður á því fólki, sem orðið hefur að yfirgefa allt sitt og stendur vegalaust uppi, en þjóðinni allri valda þessir atburðir stórfelldum búsifjum. Munu þessar náttúruhamfarir mörgu breyta, afleiðingarnar reynast þungbærar **og hafa áhrif á hag hvers manns í landinu,** og það jafnvel þótt betur rætist úr en á horfist nú, sem við **verðum þó fastlega að vona.**

Hljóta þessi atvik öll að hafa mikil áhrif á störf Alþingis á næstunni, því hér hefur brostið um sinn ein styrkasta stoðin í atvinnulífi landsmanna, svo stórfellt hefur verið framlag Vestmannaeyinga til þjóðarbúsins.

Læt ég í ljós þá von, að giftusamlega takist að ráða fram úr þeim miklu vandkvæðum, sem leysa þarf. Mun það auðvelda Alþingi og ríkisstjórn störfin, að þjóðin vill tvímælalaust að samábyrgð landsmanna komi til, þegar slíkir atburðir gerast, og margt mun leysast fyrir hjálpfýsi og fórnarlund manna eins og þegar hefur komið fram. Þá mun miklu bjarga framtak, dugnaður og kjarkur þess fólks, sem hér á hlut að máli, og líklegast er allra manna til þess að finna færar leiðir úr hverjum vanda.

Það fer ekki á milli mála, að hér á Alþingi munu menn snúa bökum saman við lausn þessara miklu vandamála, sem fjölmargir einstaklingar og þjóðin í heild standa nú frammi fyrir.

Skýrist nú enn, að allir eru á sama báti, en með dugnaði, samhjálp og góðum samtökum mun þjóðinni takast að standast þetta áfall. Efa ég ekki, að Alþingi muni takast að vinna einhuga að málum þessum **og þannig mun þjóðin vilja láta að þeim vinna og vilja vinna sjálf,** og hefur þegar sýnt það í verki eins og svo oft áður, þegar vanda hefur borið að höndum.

Rík ástæða er til að þakka þá einstöku guðsmildi, að ekkert manntjón varð við þessar hamfarir allar. Einnig frábært björgunarstarf þeirra mörgu, sem við sögu komu. Þá ber að þakka þá stillingu og æðruleysi Vestmannaeyinga, sem fyrir urðu þessu óvænta áfalli. Hefur framkoma þeirra vakið aðdáun alþjóðar og mun minningin um það, með þvílíkum manndómi þeir brugðust við háskanum, lengi lifa með þjóðinni og reynast henni dýrmæt eign.

Bið ég hv. alþingismenn að taka undir þessar þakkir og votta samúð sína þeim, sem fyrir þessu þungbæra áfalli hafa orðið með því að rísa úr sætum.

ÞJÓÐVILJINN

MALGAGN SÓSÍALISMA, VERKALÝÐSHREYFINGAR OG ÞJÓÐFRELSIS

Útgefandi: Útgáfufélag Þjóðviljans
Framkvæmdastjóri: Eiður Bergmann
Ritstjórar: Kjartan Ólafsson
Svavar Gestsson (áb.)
Auglýsingastjóri: Heimir Ingimarsson

Ritstjórn, afgreiðsla, auglýsingar: Skólav.st. 19. Sími 17500 (5 línur).
Áskriftarverð kr. 225.00 á mánuði.
Lausasöluverð kr. 15.00.
Prentun: Blaðaprent h.f.

OKKAR LAND Í BLÍÐU OG STRÍÐU

Ekkert lát er enn á eldsumbrotunum í Vestmannaeyjum. Íslenzka þjóðin öll hlýtur nú að búa sig undir það, að mæta sameiginlega því áfalli þjóðarbúsins, að stærsta verstöð landsins verði lömuð um hábjargræðistimann.

Vissulega er ástæða til að gera sér góðar vonir um að byggðin í Vestmannaeyjum verði forðað frá varanlegri eyðingu, og að þar muni mannlíf blómgast á ný, þegar eldguðinn í Helgafelli leggst á ný í 5000 ára dá.

En óhófleg bjartsýni virðist það, að gera ráð fyrir fiskvinnslu í Vestmannaeyjum á þessum vetri.

Náttúra lands okkar hefur löngum verið blíð okkur Íslendingum, sem nú erum miðaldra eða yngri. Nú gengur okkur vissulega nokkuð í móti. Fólkið í Vestmannaeyjum, sem yfirgefa varð heimili sín fyrirvaralaust vegna háskans, hefur tekið ótíðindunum af miklu æðruleysi og manndómsþreki.

Hér er hins vegar á ferð vandi, sem snýr að landsmönnum öllum, því að Vestmannaeyjar hafa staðið undir um 15% á ári af útflutningsverðmætum okkar. En það eru ekki bara útflutningsverðmætin, sem hætt er við að tapist þetta árið. Að sjálfsögðu hefur margvíslegur arður af öðru tagi einnig runnið til þjóðarbúsins frá Vestmannaeyjum, og sameiginlega verðum við öll að standa undir margvíslegum fjárhagslegum skuldbindingum, sem hvíla á bæjarsjóði Vestmannaeyja, fólkinu þar og framleiðslufyrirtækjum. Hér til viðbótar er svo að nefna þann sjálfsagða hlut, að þjóðin í heild taki á sig skaða af þeinu eignatjóni, sem orðið er og verða kann. Hér hvílir samábyrgð á okkur öllum, er slíkir atburðir verða og reglan einn fyrir alla — allir fyrir einn.

Meðan ekki gaf á bátinn reyndi lítt á samhug íslenzku þjóðarinnar. Við undum glaðir við brauð og leiki og vaxandi velmegun. En sama gildir um þjóðir og einstaklinga, að mótlætið sýnir hve maðurinn er.

Þjóðin gengur nú undir nokkra skírslu eða próf, sem leiða mun í ljós hver veigur er í þeim þráðum, sem tengja okkur saman og gera Íslendinga alla að einni þjóð.

Ríkisstjórnin mun væntanlega leggja fyrir alþingi í næstu viku frumvarp til ráðstafana vegna þess tjóns, sem ætla má fyrirsjáanlegt.

Kjarabætur, sem stefnt hefur verið að, eru varla framkvæmanlegar um sinn, en Þjóðviljinn leggur áherzlu á að byrðum þeim, sem flestir munu væntanlega bera glaðir, verði réttlátlega skipt.

Við skulum muna það öll, að þjóð okkar er ein sú auðugasta í heimi. Svo er landsgæðum fyrir að þakka, atorku fólksins og þeirri veigamiklu staðreynd, að við höfum á síðustu áratugum byggt hér upp sjálfstætt þjóðríki, hafnað erlendum yfirráðum og verið tiltölulega lausir við alþjóðlegt fjármálavald.

Okkur verður ugglaust boðin margvísleg aðstoð erlendis frá vegna þeirra náttúruhamfara, er hér geysa. Við skulum muna að þakka og meta slík boð, sem af alhug eru gerð, en metnaður okkar skal vera sá að gjalda sjálfir eldskattinn. Líf okkar allt er tengt réttinum til að eiga einir þetta land með auð þess og eldi. Við skulum því gjalda keisaranum það sem keisarans er, en láta gjafakornið renna þangað sem þörfin er meiri, meðan innlend samhjálp getur hér tryggt öllum landsmönnum bjargálnir.

VIÐRÆÐUR Í WASHINGTON

Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, fékk fréttirnar um gosið í Vestmannaeyjum til Washington. Hann ræðir þar þessa dagana við bandaríska ráðherra og herforingja þeirra til undirbúnings formlegum viðræðum um brottför hernámsliðsins af Íslandi samkvæmt stjórnarsáttmálanum.

Við treystum utanríkisráðherra til vasklegrar framgöngu og minnum landsmenn enn einu sinni á, að hersetu verður alls ekki unað á Íslandi til frambúðar. Sú er nú ekki aðeins niðurstaða þeirra, sem alla tíð hafa verið andvígir hérlendum her og vigvélum á Íslandi, heldur fjölmargra annarra og þá ekki sízt unga fólksins.

Ef til vill má mýkja Bandaríkjamenn í viðræðunum með því að benda á, að Keflavíkurflugvöllur er á einu helzta jarðeldasvæði landsins.

180 miljón kr. skellur!

Hver ber ábyrgðina?

Í fyrradag var kveðinn upp dómur í Bæjarþingi Reykjavíkur í máli v-þýzka verktakafyrirtækisins Hochtief og Véltækni h/f gegn vita- og hafnamálastjórn og fleirum vegna framkvæmda við höfnina í Straumsvík.

Mál þetta hafði áður verið tekið fyrir í gerðardómi en síðan vísað til Bæjarþings Reykjavíkur.

Í dómsorðum Bæjarþings segir að vita- og hafnarmálastjóri, samgönguráðherra og fjármálaráðherra skuli fyrir hönd ríkissjóðs greiða stefnanda 149,455.000.00 krónur með 7% ársvöxtum frá 8. júlí 1971 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður, en fjárhæð sú sem dæmt er á ríkissjóð að greiða er gengistryggð, *svo raunverulega bótaupphæðin* nemur 180 miljónum, auk vaxta.

Þjóðviljinn hafði í gær samband við Aðalstein Júlíusson hafnarmálastjóra og spurði hann hvort um hafi verið að ræða skekkjur í útboðslýsingu á verkinu. Aðalsteinn sagði:

— Ég veit ekkert á hverju dómurinn byggist. Ég hef ekki séð dóminn sjálfan, bara dómsorðin, svo ég get ekkert um þetta sagt.

— Á hverju byggði stefnandi sókn sína í málinu?

— Í þessu máli núna, þá er ekkert annað en að þeir vildu fá sinn reikning aðfarahæfan, en í gerðardómsmálinu eru það svo ótalmargir hlutir sem koma til greina að það er ekki hægt að segja það í stuttu máli. Það er eins og venja er um verk þá er ýmislegt óuppgert sem á að gera upp í lokin.

— Það er þá ekki rétt að um málshöfðun vegna galla við útboð, hafi verið að ræða?

— Nei, nei, ekki beinlínis. Alls ekki beinlínis. Eitt af þeim atriðum, sem þeir töldu verða til þess að þeir fóru af stað með gerðardómsmálið var það, að botninn hefði verið öðruvísi en útboðslýsing sagði til um.

Þetta var eitt af atriðunum.

— Hver er þá raunverulega sekur í þessu máli?

— Það er mjög erfitt að segja hvort nokkur er sekur, því þeir gerðu kröfur um nær 300 miljónir Þjóðverjarnir, en gerðardómurinn komst að því, að þeir eigi að fá 150 miljónir.

Við vorum búnir að segja að af þessum 300 miljónum ættu þeir að fá 50—60 miljónir, sem var dómur verkfræðingsins sem hafði með þetta að gera.

— Hver sá um útboðslýsinguna?

— Kristján J. Nilsen í Kaupmannahöfn, ásamt okkur. Við vorum hinn ábyrgi aðili hér heima, þ.e. Hafnarmálastofnunin. Hún setti sinn lokastimpil á útboðslýsinguna.

— Koma stjórnvöld, það er að segja ráðherrar, hvergi inn í myndina?

— Við erum nú partur af stjórnvöldunum. Yfirmaður minn var þá Eggert G. Þorsteinsson ráðherra. Tæknilega séð er það mjög óverulega sem ráðherra kemur inn í myndina. Hann skrifaði undir samninginn, lokasamninginn.

— Verður úrskurði Bæjarþingsins vísað til Hæstaréttar?

— Það veit maður ekki fyrr en búið er að skoða niðurstöðuna og á hverju hún byggist.

Það sem er þarna náttúrlega sérstaklega áberandi er, að þrátt fyrir það að okkur sé gert að greiða þarna sömu upphæð og gerðardómur komst að raun um, þá er niðurfelldur málskostnaður, sem bendir til þess að það hafi verið full ástæða fyrir okkur að láta athuga málið.

— Hvað heldurðu að hafi vegið þyngst á metunum við dómsúrskurðinn?

— Það er nú ekki gott að segja. Þetta snýst ekki eingöngu um frávik frá útboðslýsingu, það er margt annað. Okkar meining er sú, að gerðardómur hafi alls ekki dæmt eftir samningi.

— Viltu segja eitthvað um þetta að lokum, Aðalsteinn?

— Nei, ekki þá annað en það, að hvað gerist áfram í málinu get ég ekkert sagt um fyrr en ég hef séð dóminn sem heild. —úþ

Margir vilja komast í Ölfusborgir

Eins og kunnugt er bauð Alþýðusambandið orlofshúsin, Ölfusborgir í Hveragerði, til handa heimilislausum Vestmannaeyingum að búa í.

Í gær fór Snorri Jónsson varaforseti ASÍ austur, til að undirbúa komu Eyjamanna. Hjá skrifstofu ASÍ fengum við þær upplýsingar að ekki hefði unnizt tími til að telja saman umsóknir um orlofshúsin, en þær hefðu verið margfalt fleiri en húsin, en í Ölfusborgum eru 36 hús.

NET — NET
— NET

Hrognkelsanetaslöngur til sölu.
Upplýsingar í sima 12062.

Nemendur MR kveðja utanríkisráðherrann

Þegar Einar Ágústsson fór út til Bandaríkjanna til viðræðna við þarlenda ráðamenn um endurskoðun herstöðvasamningsins, fylgdu honum óskir og vonir margra um að honum yrði ágengt í að koma hernum úr landi. Meðal þeirra sem sendu honum hvatningu voru nemendur Menntaskólans í Reykjavík. Hér á eftir fer kveðja þeirra sem samþykkt var á skólafundi daginn sem Einar fór:

„Háttvirtur utanríkisráðherra Einar Ágústsson.

Við óskum yður faraheilla í ferð yðar til Bandaríkjanna í því skyni að undirbúa uppsögn á herstöðvasamningnum frá 1951. Tilhugsunin um herstöðvalaust Ísland fyllir huga okkar stolti yfir stöðu þess lands sem unir friði og réttlæti hvar sem er í heiminum.

Með kveðju,
Nemendur í Menntaskólanum í Reykjavík".

MYNDIR FRÁ GOSSTÖÐVUM



Þessi mynd er tekin í gærdag úr flugvél yfir Vestmannaeyjum. Eins og vel sést teygir hraunstraumurinn sig í átt að höfninni og sjórinn sýður og kraumar rétt við hafnarmynnið. Það er ægileg sýn sem blasir við manni þegar flugvélin nálgast Vestmannaeyjar og það liggur við að manni fallist hendur gegn þeim ógnum sem við blasa. (Ljósm. S.dór)

Þarna vellur hraunið fram og sjórinn verður logandi heitur og gufar til lofts. (Mynd Þorleifur Einarsson.)



Hraunjaðarinn (mynd vh.)

Hús í Kirkjubæjarhverfinu í björtu báli. — (mynd vh).

Í gær tók að rjúka upp úr Búastaðatúninu og þar með eru húsin þar í enn meiri hættu en verið hefur. Hér er Sigurður Þórarinsson að mynda Búastaði með gosmökkinn í baksýn.

Á harðahlaupum undan grjótfluginu. (Mynd vh)

Magnús Kjartansson, ráðherra:

Þjóðin í heild verður að glíma við örðugleikana

Eins og vænta má leikur fólki ærin forvitni á að vita, hvaða ráðagerðir eru uppi af hálfu stjórnvalda, vegna eldgangsins í Vestmannaeyjum og þeirra erfiðleika, sem upp hafa komið við skyndilega burtför flestra íbúanna þaðan.

Þjóðviljinn ræddi í gær* *við Magnús Kjartansson, ráðherra, og leituðum við frétta hjá honum.

Magnús sagði:

Við í ríkisstjórninni höfum verið á daglegum fundum og rætt hin margvíslegu vandamál, sem upp eru komin. Við gerum okkur ljóst að vandinn er þegar orðinn verulegur og getur orðið enn stórfelldari.

Í Vestmannaeyjum eru bundin verðmæti upp á marga miljarða króna. Allverulegur hluti þeirra verðmæta er í skuld — skuldir bæjarfélagsins svo sem vegna vatnsleiðslunnar, skuldir fyrirtækja og almennings.

Svo er stórfé í húfi í glötuðum framleiðsluverðmætum, ef framleiðsluaðstaðan í Vestmannaeyjum verður ekki nýtanleg á komandi vertíð, en Eyjarnar hafa eins og allir vita verið einn af hornsteinum blómlegs efnahagslífs á Íslandi. Enda þótt Vestmannaeyjabátar gætu hafið róðra frá öðrum höfnum, má reikna með að meira en einn miljarður bara útflutningsverðmæti, fari forgörðum, ef ekki verður fiskvinnsla í Vestmannaeyjum.

Það hefur svo margvísleg óhjákvæmileg áhrif á þjóðarbúið í heild, ef gjaldeyristekjur dragast verulega saman og skattatekjur minnka til mikilla muna. Þjóðarheildin verður að taka á sig vissar greiðslur, sem Vestmannaeyjar stóðu undir áður, en verður þeim nú um megn, ef ekki bregður skjótt til betri vegar.

Þjóðin í heild verður að glíma við þá örðugleika, sem upp kunna að koma, en sýnt er að við verðum að búa okkur undir að mæta stórfelldum efnahagsvanda.

Síðan þessir atburðir gerðust hafa borizt mjög hlýjar samúðarkveðjur og boð um aðstoð víða að úr heiminum, frá félagasamtökum og stjórnvöldum, og við erum að sjálfsögðu þakklátir fyrir þann góða hug, sem í þessum tilboðum felst.

Hins vegar tel ég að við eigum að hafa alla burði til að takast á við þennan vanda af eigin rammleik og að við eigum að gera það að þjóðlegu metnaðarmáli að leggja á okkur þá vinnu og þær fjárhagslegu skuldbindingar, sem þarf til að leysa þennan vanda.

Ekki forsenda nú fyrir kjarabótum

Umræður ríkisstjórnarinnar um þessi mál eru enn ekki komnar á það stig, að hægt sé að greina frá neinum niðurstöðum um meiriháttar ráðstafanir. En mér er engin launung á því, að það er okkar mat, og ég hygg að það sé sameiginlegt álit allrar þjóðarinnar, að nú séu því miður ekki forsendur fyrir kjarabótum, heldur verði menn að skerða eitthvað afkomu sína í bili, til þess að leysa þetta mál, en þá skiptir að sjálfsögðu meginmáli, að efnahagsaðgerðir af því tagi, verði lagðar á af sem fyllstu félagslegu réttlæti.

Auk almennra umræðna í ríkisstjórninni var hverju ráðuneyti um sig falið að leitast við að leysa þau vandamál, sem upp koma á sviði viðkomandi ráðuneytis.

Þannig hefur heilbrigðis- og tryggingaráðun. að sjálfsögðu fjallað um þá málaflokka, sem undir það heyra. Eins og menn vita þá gekk það ákaflega greiðlega að koma sjúku fólki fyrir á sjúkrahúsum í Reykjavík, enda á landlæknir sæti í almannavarnaráði.

Margir af þessum sjúklingum eru langlegusjúklingar, og það hefur komið upp af þessu tilefni, hvort ekki væri unnt að láta taka til starfa þá deild Borgarspítalans, sem er við Grensásveg og ætluð er langlegusjúklingum, en hefur hingað til ekki komizt í gagnið vegna skorts á starfsfólki. Ráðuneytið hefur nú þegar skrifað heilbrigðisyfirvöldum borgarinnar um þetta efni.

Það er líka rétt að minna á, að ríkisstjórnin fól í upphafi þremur ráðuneytisstjórum að fjalla um brýn vandamál sem upp kynnu að koma, — til að mynda í sambandi við húsnæðismál. Í þessari nefnd eru ráðuneytisstjóramir, Hjálmar Vilhjálmsson, sem er formaður nefndarinnar, Jón Sigurðsson og Páll Sigurðsson.

Húsnæði fyrir 1200.

Þeir hafa gefið skýrslu um sín störf, og m.a. lagt fram lista um húsnæði af ýmsu tagi fyrir um 1200 manns. Ef farið verður að gera út Vestmannaeyjabáta frá ýmsum stöðum á landinu, verður að reyna að koma fjölskyldum sjómannanna fyrir um sinn í íbúðum í námunda við slíkar verstöðvar.

Í því sambandi má benda á, að 2-3 mánuðum mætti ljúka 200 íbúðum á vegum Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar í Breiðholti. Á Höfn í Hornafirði væri hægt að tryggja íveru og vinnuaðstöðu fyrir allt að 100 manns á vegum Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á skömmum tíma.

Bæjarstjórinn í Keflavík hefur bent á, að í Keflavík séu um 200 íbúðir leigðar bandarískum hermönnum af Keflavíkurflugvelli, og hefur bæjarstjóri þegar hafið viðræður við yfirmenn herliðsins um þann möguleika, að hermennirnir flytji aftur inn fyrir girðingu herstöðvarinnar, en Vestmannaeyingar fái íbúðirnar ef á þarf að halda.

Aðrir möguleikar, sem nefndir hafa verið í sambandi við húsnæði hér í Reykjavík og nágrenni eru m.a.: Heimavist Hjúkrunarskólans, hús öryrkjabandalagsins og hús Sjálfsbjargar, Dalbrautarheimilið, farþegaskipið Gullfoss, sem tekur 200 manns, Silungapollur, Ölfusborgir, Heilsuhælið í Hveragerði, hús sem Íslendingar eiga á Keflavíkurflugvelli, sumarhús Landsbankans, Menntaskólaselið, hús í Straumsvík, og fleira mætti telja.

Enntremur má minna á það, að hægt væri að kaupa bæði frá Kanada og Norðurlöndum tilbúin timburhús, sem setja mætti upp á mjög skömmum tíma, ef ástæða þætti til.

Þetta eru má segja dægurvandamálin sem nú er verið að vinna að, en það sem mestu máli skiptir þegar lengra er litið, er að landsmenn allir sýni samhug og þrek er nægi til þess að sigrast á þessum stórfelldu erfiðleikum á sem skemmstum tíma, og stefna síðan fram til þeirrar öru atvinnuþróunar og bætta lífskjara, sem menn gerðu sér vonir um.

Vegalaust fólk að Hótel Esju

— „Ætli maður reyni ekki að leita sér að vinnu og fá sér svo herbergi"

Því fólki, sem ekki á ættingja eða vini sem geta hýst það, var í nótt komið fyrir að Hótel Esju. Þar hittum við fyrir tvo unga menn, þá Þorvald Kristleifsson og Gísla Ásmundsson. Þeir höfðu fyrst farið í Sjómannaskólann, en þaðan var þeim vísað til Esju og sagt að þeir gætu verið þar í nótt.

Við spurðum þá hvernig þeir byggjust við að þeirra mál þróuðust.

— Ætli maður reyni ekki að leita sér að vinnu og fá sér svo herbergi, sagði Gísli, en hann starfaði í frystihúsi í Eyjum. Þorvaldur kvaðst litið hafa hugsað út í húsnæðismálin. Hann er á bát frá Eyjum og bjóst við að hann yrði gerður út frá einhverjum öðrum stað.

Nú bar að þriðja manninn — Stefán Kragh. Hann var betur staddur en hinir hvað húsnæði snerti, því hann hafði fengið inni hjá vandamönnum. Hann vissi ekki hvernig færi með vinnuna, en hann vann í Vélsmiðjunni Magna í Vestmannaeyjum. Sagðist hann ætla að ræða um það við verkstjóra sinn.

Stefán kom ekki frá Eyjum fyrr en í gærmorgun. Hann var við ýmiskonar hjálparstörf í gær m.a. í sjúkrahúsinu.

Þeir ætla allir að reyna að komast til Vestmannaeyja sem fyrst til að huga að sínum málum. Gísli sagðist hafa reynt að komast með Hofsjökli, þegar hann fór, en fengið þvert nei. Þeir vildu ekki hafa neina heimamenn með. Þeir færu bara til þess að lita eftir eigum sínum.

—ÞH

Frá vinstri: Stefán Kragh atvinnulaus, Þorvaldur Kristleifsson húsnæðislaus og Gísli Ásmundsson, sem hvorki hefur atvinnu né húsnæði.

sjónvarp næstu viku

Sunnudagur

17.00 **Endurtekið efni. Eldstöðvar í jöklum.** Kvikmynd um eldstöðvar á Íslandi og jarðfræði landsins. Myndin er tekin af Hans-Ernst Weitsel í leiðangri til Kverkfjalla og Grímsvatna vorið 1971. Þýðandi Kristján Sæmundsson. Þulur Jóhann Pálsson. Áður á dagskrá 5. nóvember 1972.

17.30 **Meira en augað sér.** Bandarísk fræðslumynd um augu og sjón manna og dýra. Þýðandi Guðbjartur Gunnarsson. Áður á dagskrá 7. október 1972.

18.00 **Stundin okkar.** Sýnd er mynd um „Töfraboltann" og „fjóra félaga". Barnakór syngur, og 12 ára börn úr Barnaskóla Selfoss, Melaskólanum í Reykjavík og Barnaskóla Akraness taka þátt í spurningakeppni. Umsjónarmenn Sigríður Guðmundsdóttir, og Hermann Ragnar Stefánsson.

18.50 **Enska knattspyrnan.**

19.40 **Hlé.**

20.00 **Fréttir.**

20.20 **Veður og auglýsingar.**

20.25 **Fjölleikahús barnanna.** Sjónvarpsupptaka frá barnasýningu í Fjölleikahúsi Billy Smarts, þar sem menn og dýr leika ýmiss konar listir. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. (Evrovision — BBC)

21.30 **Sólsetursljóð.** Framhaldsmynd frá BBC. 4. þáttur. Sáning. Þýðandi Silja Aðalsteinsdóttir. Efni 3. þáttar: Villi kvænist með leynd og yfirgefur Kinraddie-hérað ásamt konu sinni. Jón faðir hans reiðist ákaflega og skömmu síðar veikist hann og liggur rúmfastur um skeið. Loks andast hann og Kristín, dóttir hans, eignast búið. Hún er jörðinni of bundin til þess að vilja flytjast á brott. Hún kynnist Evan Tavendale betur og þau ákveða að giftast.

22.15 **Aldursákvarðanir.** Fræðslumynd frá Time-Life um fornleifarannsóknir. Þýðandi og þulur Gylfi Pálsson.

22.45 **Að kvöldi dags.** Sr. Bernharður Guðmundsson flytur hugvekju.

22.55 **Dagskrárlok.**

Mánudagur

20.00 **Fréttir.**

20.25 **Veður og auglýsingar.**

20.30 **Daglegt líf í Sovétríkjunum I.** Fyrsta myndin af þremur frá sænska sjónvarpinu um lífskjör og venjur sovétborgara. Hér er fylgst með daglegu lífi ungra hjóna. Skoðaðar eru byggingar og húsbúnaður og gerðar athuganir á kaupgjaldi og verðlagi og félagslífi. Þýðendur Jóhanna Jóhannsdóttir og Hallveig Thorlacius. Þulur Karl Guðmundsson. (Nordvision — Sænska sjónvarpið)

21.15 **Balletthátíð Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna 1972.** Ballettdagskrá, sem sýnd var í Parísaróperunni um jólaleytið til styrktar Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. Hér koma meðal annars fram dansarar frá Parísaróperunni, Scalaóperunni í Milanó, Konunglega danska ballettinum og einnig dansarar frá Júgóslavíu. Kynnir er Omar Shariff. (Evrovision — Franska sjónvarpið) Þýðandi Rafn Júlíusson.

23.25 **Dagskrárlok.**

Þriðjudagur

20.00 **Fréttir.**

20.25 **Veður og auglýsingar.**

20.30 **Ashton-fjölskyldan.** Brezkur framhaldsflokkur. 38. þáttur. **Hold og blóð.** Þýðandi Heba Júlíusdóttir. Efni 37. þáttar: Shefton heldur veizlu til að fagna heimkomu Helenu, systur sinnar, frá Astralíu. Hann notar tækifærið og vekur máls á hugmynd sinni um að selja prentsmiðjuna. Helena fylgir Edwin og börnum hans að málum og Shefton verður að láta undan síga. Skömmu síðar kemur Davíð til hans í peningavandræðum og selur honum sinn eignarhluta í fyrirtækinu, og þar með telur hann sig ráða meiri hluta hlutafjárins. Davíð heimsækir Sheilu og reynir að fá hana til að sættast, en hún er treg til að treysta honum.

21.40 **Þak yfir höfuðið.** Umræðuþáttur um húsnæðismál. Umsjónarmaður Magnús Bjarnfreðsson.

Fjölleikahús barnanna er á dagskrá sjónvarpsins á sunnudagskvöldið kl. 22,25.

22.00 **Tónlistarkeppni í München.** Sigurvegarnir í keppninni, Nilla Perrou frá Svíþjóð, Hansjörg Schellenberger frá Þýzkalandi, Robert Currier Christiansen frá Bandaríkjunum og Pi-Hsien Chen frá Formósu flytja verk eftir Mozart, Richard Strauss, Verdi og Beethoven. (Evrovision — Þýzka sjónvarpið)

22.40 **Dagskrárlok.**

Miðvikudagur

18.00 **Jakuxinn.** Bandarískur teiknimyndaflokkur fyrir börn og unglinga. Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir. Þulur Andrés Indriðason.

18.15 **Maggi nærsýni.** Þýðandi Garðar Cortes.

18.30 **Einu sinni var...** Gömul ævintýri frá ýmsum löndum færð í leikbúning. Þulur Borgar Garðarsson.

18.55 **Hlé.**

20.00 **Fréttir.**

20.25 **Veður og auglýsingar.**

20.30 **Þotufólk.** Bandarískur teiknimyndaflokkur. Þýðandi Jón Thor Haraldsson.

20.55 **Aldahvörf í Afríku.** Lokaþættir myndaflokksins um framþróun Afríkuríkja á síðustu árum. Hér er fjallað um flóttann úr sveitunum og þjóðlega tónlist og dansa. Þýðandi og þulur Ellert Sigurbjörnsson. (Nordvision — Danska sjónvarpið)

21.40 **Kloss höfuðsmaður.** Pólskur njósnamyndaflokkur. Edyta. Þýðandi Þrándur Thoroddsen.

22.35 **Maður er nefndur. Sr. Friðrik A. Friðriksson.** Guðbjartur Gunnarsson ræðir við hann.

23.05 **Dagskrárlok.**

Föstudagur

20.00 **Fréttir.**

20.25 **Veður og auglýsingar.**

20.30 **Karlar í krapinu.** Bandarískur kúrekamyndaflokkur í léttum tón. **Fjársjóðurinn.** Þýðandi Kristmann Eiðsson.

22.05 **Anne Murray I.** Sænska sjónvarpið hefur látið gera tvo þætti, þar sem kanadíska söngkonan Anne Murray syngur létt lög af ýmsu tagi og leikur sjálf með á gítar. (Nordvision — Sænska sjónvarpið) Þýðandi Jóhanna Jóhannsdóttir.

21.20 **Sjónaukinn.** Umræðu- og fréttaskýringaþáttur um innlend og erlend málefni.

22.25 **Dagskrárlok.**

Laugardagur

17.00 **Þýzka í sjónvarpi.** Kennslumyndaflokkurinn Guten Tag. 10. og 11. flokkur.

17.30 **Skákkennsla.** Kennari Friðrik Ólafsson.

18.00 **Þingvika.** Þáttur um störf Alþingis. Umsjónarmenn Björn Teitsson og Björn Þorsteinsson.

18.30 **Íþróttir.** Umsjónarmaður Ómar Ragnarsson.

Hlé.

20.00 **Fréttir.**

20.20 **Veður og auglýsingar.**

20.25 **Hve glöð er vor æska.** Brezkur gamanmyndaflokkur. **Starfsfræðsludagurinn.** Þýðandi Jón Thor Haraldsson.

20.50 **Vaka.** Dagskrá um bókmenntir og listir á liðandi stund. Umsjónarmaður Björn Th. Björnsson, Sigurður Sverrir Pálsson, Stefán Baldursson, Vésteinn Ólason og Þorkell Sigurbjörnsson.

21.40 **Ég vil lifa (I Want to Live).** Bandarísk biómynd frá árinu 1958, byggð á bréfum Barböru Graham og blaðagreinum eftir Ed Montgomery. Leikstjóri Robert Wise. Aðalhlutverk Susan Hayward, Simon Oakland og Wesley Lau. Þýðandi Ellert Sigurbjörnsson. Myndin greinir frá sannsögulegum atburðum sem gerðust í Kalíforníu árið 1955. Ung og glæsileg stúlka Barbara Graham hefur lent í vafasömum félagsskap. Hún giftist, en hjónabandið fer fljótlega út um þúfur, og hún leitar ásjár hjá tveim lagsmönnum manns sins. En þar tekur ekki betra við, því á þá fellur grunur um morð, og samband hennar við þá hefur örlagaríkar afleiðingar.

23.30 **Dagskrárlok.**

Nýr gígur?

Framhald af bls. 1

svo sem tveggja til þriggja metra hæð fyrir neðan Oddsstaði, rétt fyrir austan. Var ekki gott að gera sér grein fyrir hvort þarna gaus upp úr jörðinni, eins og öllum sem á horfðu virtist helzt, eða hvort hraunflyksa hafði fallið þarna niður, án þess að við tækjum eftir, og feykt upp vikrinum í kringum sig.

Miklar drunur og vikurél

Gosið hefur allmikið verið að breyta sér í dag, var talsvert mikið í morgun, sljákkaði síðan í því um hádegið, en hefur nú vaxið allmikið aftur og eins og breitt úr sér. Mestu drunur frá gosinu, sem ég hef heyrt síðan ég kom, voru um hálf-tvö leytið í nótt og þeim fylgdi mikið vikurél, svo buldi á þaki og gluggum, meira að segja hér á Brimhólabraut, þar sem ég gisti, en hún er ein vestasta gata í bænum. Var reyndar enn svartara um að litast kringum húsin hér í morgun en áður.

Hraunið þekur rústirnar

Snemma í morgun fór ég á gosstöðvarnar í Kirkjubæ og var þá rústin af húsi Péturs Guðjónssonar komin undir hraun, sömuleiðis hálfrústin af Kirkjubóli og helmingur fjárhúsa Þorbjörns á Kirkjubæ, en rústir íbúðahússins standa enn. Þá er líka brunnið til viðbótar íbúðarhús Magnúsar Péturssonar á Kirkjubæ, en útihúsið stendur enn.

Rauðshellir horfinn

Minnisvarðinn um Jón pistarvott, sem aflifaður var í Tyrkjaráninu, var kominn á kaf, og rétt stóð eitt hornið upp úr. Rauðshellir, þar sem Tyrkir tóku Jón af lífi, er einnig kominn undir hraun. Verið var að flytja húsmuni úr Vallartúni, sem Finnbogi aflakóngur byggði á sínum tíma en þar býr nú Guðjón Björnsson. Alls voru í nótt tæmd upp undir tuttugu hús í Austurbænum, að því er Guðjón Ármann Eyjólfsson skólastjóri sagði mér, og var það mögulegt vegna þess að hluti þeirra 250 Vestmannaeyinga, sem komu hingað með Heklunni í gær, þrjózkuðust við að fara strax aftur í land, enda ekki annað að sjá en nóg sé hér að gera við björgunarstörfin. Eru menn móðgaðir yfir því að þeim skuli ætlað að hugsa fyrst og fremst um eigið skinn og bjarga sínu, því flestir virðast samhentir við að bjarga úr austustu húsunum, hver sem á þau.

Hefnd Helgafells?

Ég fór þarna úteftir í morgun með Hafsteini Stefánssyni sjómanni og bæjarfulltrúa og ókum við síðan víða um eyna, vestur fyrir Ofanleiti í Kinnina, þar sem enginn vikur virðist hafa fallið enn. Sömuleiðis inn í Herjólfsdal, þar sem vikur var fremur lítill. Á leiðinni sagði Hafsteinn mér meðal annars, að fyrir örfáum árum hefði listmálari hér, Guðni Hermansen, málað mynd sem hann nefndi „Hefnd Helgafells", og á henni var Helgafell farið að gjósa aftur. Margir hafa talað um þennan möguleika, sagði Hafsteinn, því að mörgum hefur sárnað mjög hvernig farið hefur verið með Helgafell undanfarinn áratug. Neyðin kennir naktri konu að spinna, sagði hann, annað byggingarefni fyrirfinnst ekki á eynni, svo mölin þarna var tekin og notið í ofaniburð og mulin niður í malbik, en hefur reynzt fremur illa, verið ónýt og spænzt upp. Við ókum einnig að gígunum fyrir ofan flugvöllin, sem nú hafa lokazt aftur, en myndað talsverða hauga meðan þeir gusu. En þarna var áður tún og á því slétta túni lenti fyrsta flugvélin sem kom til Eyja.

Bátar teknir úr slipp

Við höfnina var enn verið að skipa út í Hofsjökul, en það tekur sinn tíma að tæma fimm frystihús. Þegar mest gekk á í nótt, um þrjúleytið, sigldi Hofsjökull út úr höfninni þar sem farminum var hætt af vikri. Hofsjökull kom inn aftur um fimmleytið, og hófst þá vinna á ný. Ísafoss kom í morgun, og unnið var að því að flytja í hann saltfiskbirgðir sem hér eru, 6—700 tonn af fullverkuðu.

Á flugvellinum hafa menn verið að lappa upp á Douglas-vél Flugfélags Íslands, sem fór mjög illa í vikurhríðinni í nótt; komu göt bæði á stýrishlerana (flappsa) og skrokkinn. Átti að gera við hana til bráðabirgða svo að hún kæmist suður til frekari viðgerðar.

Hekla og Herjólfur komu hingað í morgun og hafa flutt í land upp undir 100 bíla og talsvert af fólki. Var sumt af því fólk, sem kom hingað í gær til að sækja eigur sínar.

Nokkrir bátar voru teknir úr slippnum í morgun til að tryggja að þeir lokist ekki inni, ef höfnin lokast skyndilega. Lóðsinn hefur verið við mælingar stöðugt á tveggja til þriggja tíma fresti, og virtist í nótt sem hrauntungan ætlaði að stefna beint í norður, yfir að Kletti, og loka fyrir, en sneri síðan heldur í austurátt. Um þrjúleytið í dag fór ég út með Lóðsinum í mælingarferð, en mælingunum stjórnaði Páll Zophaníasson, bæjarverkfræðingur, sem hefur held ég ekki, eða varla, fest blund síðan gosið hófst. Árangur ferðarinnar var ánægjulegur, hvorki vatnsleiðsla, rafleiðsla, innsiglingin eða höfnin sjálf er í bráðri hættu, sagði Páll. Hrauntungan hefur ekki lengzt verulega, nær nú 0,3 sjómílur út í sjóinn og fer samsíða innsiglingunni með stefnu á Bjarnarey.

Vatnsleiðslan óhreyfð

Engin breyting er á efra borðinu, sagði hann og botninn hefur ekki hækkað neitt á venjulegum siglingaleiðum. Einnig var vatnsleiðslan enn í sömu hæð og hún hefur verið. Varðskipið Árvakur hefur líka verið við mælingar hér úti fyrir og voru mælingarnar bornar saman úti á sjó og bar þeim saman. Árvakur hefur einnig mælt hitastigið og reyndist það 40 gráður fyrir tanganum þar sem hraunið vellur út í sjóinn.

Tveir jarðfræðingar frá Orkustofnuninni voru með í þessari siglingu og sögðust þeir vera hér til að fylgjast meðal annars með borholunni, sem upphaflega var boruð í leit að köldu vatni, sem reyndar aldrei kom upp úr henni, en nú rennur úr henni 32 gráðu heitt vatn, sögðu þeir. Hefur holan ekki breytzt síðan í gær, er byrjaði að seitla úr henni, og hitastig haldizt hið sama. Einnig fylgdust mennirnir frá Orkustofnun með gosinu yfirleitt, mæla gasið á gosstöðvunum og rannsaka vikurinn.

Það var stórfengleg sjón til beggja handa frá bátnum, gott veður og heiðskírt og blasti við öðrum megin til norðurs jöklaröðin í landi, hinum megin eimyrjan, askan og gufustrókurinn hátt í loft upp. Gufan lá yfir sjóinn alveg þvert yfir að Klettsnefi og sáust varla handaskil þegar siglt var í gegnum hana.

Svartsýni — bjartsýni

Áhöfn Lóðsins var heldur svartsýn á ástandið og töldu skipsmenn að hér yrði varla lífvænlegt í framtíðinni og voru vissir um að aldrei framar fengist lán til útgerðar né annarra framkvæmda hér í Eyjum auk þess sem fáir myndu leggja í að setjast hér að. En sem betur fer eru flestir aðrir Vestmannaeyingar, sem ég hef talað við, mun bjartsýnni en þetta, og telja höfuðatriði að atvinnutækin verði hér kyrr og strax verði hafizt handa og hægt er.

— s —

Þar sem vísindamenn, jöklamenn og jarðfræðingar til að mynda, eru mjög önnum kafnir þessa dagana fellur aðalfundur Jöklarannsóknarfélagsins niður, en hann átti að halda í kvöld.

Valur vann

Framhald af bls. 11.

bætti Ólafur Jónsson 21. markinu við, og stuttu síðar kom Gunnsteinn með 22. markið. Leiknum lauk svo með sigri Vals 23:11.

Vals-liðið í heild átti sérstaklega góðan leik í vörninni, með þá Ágúst Ögmundsson, Ólaf Jónsson, Gunnstein og Stefán sem beztu menn. En sóknarleikurinn hefur oft verið beittari. Þá varði Ólafur Benediktsson þokkalega lengst af og Finnbogi einnig eftir að hann kom í markið.

Hjá Haukum báru tveir menn af, þeir Ólafur Ólafsson og Guðmundur Haraldsson og virtust þeir einu mennirnir sem ekki gáfust upp fyrirfram. Mörk Vals: Ólafur 4, Ágúst 4, Gunnsteinn4, Bergur 3, Jón Karlsson 3, Gísli 3 og Stefán 2. Mörk Hauka: Ólafur 5, Guðmundur 4, Þórður 1 og Svavar 1.

Það hefur ekki verið minnzt á frammistöðu dómaranna hér í blaðinu í vetur og verður ekki gert nema í hreinum undantekningartilfellum. Í þessum leik kom í ljós að annar dómarinn, Björn Kristjánsson, sem mun vera milliríkjadómari, lagði einn leikmann Vals í einelti, ef svo má kalla. Þetta var Gísli Blöndal, sem ekki mátti hreyfa sig í vörninni, þá var dæmt á hann. Það var alveg sama hvernig farið var með hann í sókninni; ef Björn dæmdi á brotið þá var það í hæsta lagi aukakast,og að sá sem á Gísla braut fengi áminningu, það var af og frá. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Björn sýnir þessa afstöðu sína til Gísla, enda hefur hann ekki farið leynt með það að sér finnist Gísli ekkert erindi eiga í handknattleik. Það er að sjálfsögðu fyrir neðan allar hellur að menn séu að taka að sér að dæma leiki hjá liðum sem hafa í sínum röðum menn, sem viðkomandi dómarar þola ekki og hafa tekið afstöðu til fyrirfram.

5 manna nefnd vegna náttúruhamfaranna

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum í gær að skipa 5 manna nefnd til að rannsaka hverjar afleiðingar náttúruhamfarirnar í Vestmannaeyjum geta haft fyrir efnahagslega afkomu þjóðarbúsins og hver úrræði eru helzt fyrir hendi til að draga úr þeim afleiðingum.

Í dag hafa eftirtaldir menn verið skipaðir í nefndina:

Tómas Árnason, hrl. formaður, Halldór S. Magnússon, viðskiptafræðingur, Guðmundur Hjartarson framkvæmdastjóri, Guðlaugur Gíslason, alþingismaður, Magnús E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri.

Lagt var fyrir nefndina að hafa í störfum sínum samráð við bæjarstjórn Vestmannaeyja.

Reykjavík 24. janúar 1973

Tónlistafélagið heldur tónleika

Tónlistarfélagið heldur tónleika fyrir styrktarfélaga þriðjudagskvöldið 30. janúar klukkan 9 í Austurbæjarbíói.

Á tónleikunum munu þau Gisela Depakt sellóleikari og Árni Kristjánsson pianóleikari flytja verk eftir Luigi Boccherini, Johann Sebastin Bach, Claude Debussy og Robert Schumann.

Giesela Depkat er kanadísk og hefur hlotið mörg mikilsmetin alþjóðleg verðlaun, og er nú prófessor við Virginiu-háskólann í Richmond og kennir sellóleik.

Björn Jónsson á sjúkrahús

Björn Jónsson, forseti ASÍ, liggur á spítala þessa dagana, en þangað mun hann hafa farið fyrir helgi til rannsóknar.

Hjálparsjóður æskufólks styður Vestmannaeyinga

Blaðinu barst í gær eftirfarandi fréttatilkynning frá Hjálparsjóði æskufólks:

„Markmið sjóðsins er að styrkja bágstödd börn og ungmenni og hefur stjórn sjóðsins ákveðið að verja nú þegar hálfri miljón króna til að styrkja æskufólk úr Vestmannaeyjum eftir því sem umsóknir berast, en þær sendist til Magnúsar Sigurðssonar, Hofteigi 38, sem veitir vitneskju um úthlutunarreglur sjóðsins."

Guð kominn í spilið

Biskup Íslands hefur sent prestum landsins beiðni um að Vestmannaeyja verði minnzt í guðsþjónustum á sunnudag með fyrirbæn og þakkargjörð fyrir mannbjörg.

Tveir framkvæmdastjórar

Fimm manna nefnd sú sem ríkisstjórnin skipaði til að gera úttekt á efnahagslegum afleiðingum hamfaranna í Eyjum hefur skipað tvo framkvæmdastjóra, þá Ólaf Helgason, sem starfa mun í Eyjum með bæjarstjórninni þar, og Guðmund Karlsson, sem starfar hér í Rvík.

Nefndin fór til Vestmannaeyja í gær að svipast um á vettvangi.

Frá iðnaðarmönnum

Landssamband iðnaðarmanna óskar að veita iðnaðarmönnum frá Vestmannaeyjum alla þá fyrirgreiðslu sem tök eru á og biður þá um að hafa samband við skrifstofu Landssambandsins, Iðnaðarbankahúsinu, Lækjargötu 12, 4. hæð, símar 12380, 15095 og 15363 og láti skrá nöfn sín og aðsetur stað.

Yfirdrifinn fatnaður barst aðventistum

Aðventistar auglýstu í gær eftir fatnaði til að gefa Vestmannaeyingum kost á að klæðast, en margir hverjir munu hafa komið klæðlitlir frá Eyjum.

Skipti ekki togum, að slík ógrynni fatnaðar barst aðventistum, að þeir voru við það að drukkna, að sögn skrifstofu þeirra.

Til að bjarga sér frá drukknun sendu aðventistar tilmæli til fólks gegn um útvarpið og sjónvarpið að kvöldi sama dags og þeir auglýstu eftir fatnaðinum, þess efnis, að þeir gætu ekki tekið við meiru.

Strax sama kvöld, miðvikudagskvöld, höfðu aðventistar afhent á milli 200-300 einstaklingum fatnað.

Í gær komu hundruð manna til aðventistanna að fá fatnaðinn

TILKYNNING

til áskrifenda

ÞJÓÐVILJANS

úr Vestmannaeyjum

ÞJÓÐVILJINN hefur ákveðið að áskrifendur blaðsins í Vestmannaeyjum fái blaðið ókeypis fyrst um sinn.
Vinsamlegast tilkynnið afgreiðslu blaðsins um núverandi heimilisfang.

FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚSIÐ NESKAUPSTAÐ

Hjúkrunarkonu

vantar að Fjórðungssjúkrahúsinu Neskaupstað.
Húsnæði fyrirliggjandi.
Barnaheimili rekið á vegum sjúkrahússins. Nánari upplýsingar hjá yfirhjúkrunarkonu sími: 7493.

Alþýðubandalagið á Akranesi

heldur almennan félagsfund í Rein sunnudaginn 28. janúar 1973 kl. 2. e.h.

Fundarefni: **Efnahagsmálin, framsögumaður Þröstur Ólafsson, hagfr.**

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna.
Fálagsstjórnin.

ÞJÓÐVILJINN
Föstudagur 26. janúar 1973

Almennar upplýsingar um læknaþjónustu borgarinnar eru gefnar í simsvara Læknafélags Reykjavíkur, sími 18888.

Helgar- kvöld og næturþjónusta apótekanna í Reykjavík er í Lyfjabúðinni Iðunni og Vesturbæjarapóteki vikuna 19.-25. janúar.

Slysavarðstofa Borgarspítalans er opin allan sólarhringinn.
Kvöld-, nætur- og helgidagavakt á heilsuvernarstöðinni. Sími 21230.

Róa Eyjabátar næstu daga?

Sérstök nefnd útgerðarmanna í Eyjum vinnur að því að koma Eyjabátum til róðra á næstunni og samkvæmt bráðabirgðakönnun virðist hægt að koma flestum bátum fyrir í verstöðvum frá Þorlákshöfn um Reykjanes til Reykjavíkur, sagði Guðlaugur Stefánsson í gær.

Í fyrradag var sótt um leyfi til almannavarna að senda Eyjabáta til heimahafnar til þess að ná í loðnuætur og þorskanet, — voru 20 vörubílstjórar sendir með bát frá Þorlákshöfn til þess að manna vörubifreiðar til þess að flytja veiðarfærin frá afgreiðslum og veiðarfærageymslum niður að bryggju.

Þá hafa netabátar vitjað neta sinna í sjó og flestir tekið netin upp að sinni.

Þá er unnið að því að þétta báta er standa uppi í skipaviðgerðarstöðvum og menn frá smiðjunum safnað saman varahlutum í vélar bátanna. Meginverkefnið er að koma upp afgreiðslustöð í landi til þjónustu fyrir Eyjabáta á vertíðinni.

Í mörgum verstöðvum á Suðurnesjum voru sérstakir fundir hafnarnefnda og hreppsnefnda í gærkvöld til þess að ræða ýmsar lausnir á að koma Eyjabátum fyrir.

Mannaflaútvegur frystihúsum er líka verið að leysa í sambandi við þessar aðstæður.

g.m.

Ný stjórn í Belgíu

BRÜSSEL 25/1 — Mynduð hefur verið ný ríkisstjórn í Belgíu, en stjórnin þar sprakk á tungumáladeilum seint í nóvember. Leburton heitir forsætisráðherrann, jafnaðarmaður, og hefur hann með sér ráðherra úr flokki kristilegra sósíalista og frjálslyndra.

Margar blikur eru á lofti í Vietnam og nágrenni

Vopnahléð undirbúið

Í Thieu forseta er hvorki lýðræðis- né friðarhljóð, og Bandaríkjamenn virðast ætla að halda herkvinni kringum Indó-Kína

25/1 — Olof Palme forsætisráðherra Svíþjóðar hefur fengið boð frá Pham Van Dong forsætisráðherra um að heimsækja Norður-Vietnam. — Undirritað var í dag samkomulag Finnlands og Norður-Vietnams um gagnkvæma viðurkenningu ríkjanna. Innan 3ja mánaða mun verða skipzt á sendiherrum.

Upplýst var í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í dag, að Vinarborg mundi verða valin fyrir samkomustað undir alþjóða-ráðstefnuna um Vietnam sem á að halda innan mánaðar. Fyrir utan hina 4 stríðsaðila og þau 4 ríki sem leggja til eftirlitsliðið í Vietnam, munu stórveldin Kína, Sovétríkin, Frakkland og Bretland taka þátt í ráðstefnunni. Hana mun einnig sitja Kurt Waldheim framkvæmdastjóri SÞ.

Frú Binh, utanríkisráðherra bráðabirgða-byltingarstjórnarinnar í S-Vietnam sagði í dag, að Nixon Bandaríkjaforseti hefði brotið gegn anda vopnahléssamningsins með yfirlýsingu sinni um að Saigon-stjórnin væri eina löglega ríkisstjórn Suður-Vietnams. Það væri grundvallaratriði að þar sitja 2 ríkisstjórnir sem nú skipta á milli sín löndum og hefur hvor sitt herlið. — Þjóðfrelsisfylkingin hefur lýst því yfir að hún muni fyrir sitt leyti halda hvert eitt atriði vopnahléssamningsins í samræmi við orðalag hans.

Frá Saigon berast fregnir sem vitna um lítinn feginleik ráðamanna yfir væntanlegu vopnahléi, og er ekki beinlínis friðarhljóð í Thieu forseta þegar hann ávarpar 1000 manna flokk löggregluforingja og skorar á þá að duga sér við að ganga milli bols og höfuðs á kommúnistum. Samkvæmt vopnahléssamningnum á að heyja kosningar í landinu innan 6 mánaða, en Saigon-stjórnin mun vilja hafa það forsetakosningar einar. Þjóðfrelsisfylkingin leggur áherzlu á nauðsyn þess að kjósa til sveitarstjórna og nýs þjóðþings. Thieu slær í kringum sig með orðalagi eins og „kosningasigur á kommúnistum" en í hinu orðinu talar hann um það, að margar þjóðir séu reiðubúnar til aðstoðar ef Norður-Vietnamar skyldu rjúfa vopnahléð. Nærvera norður-vietnamskra hermanna í suðurhlutanum girðir fyrir það, að fólkið geti notfært sér rétt sinn til sjálfsákvörðunar, er það látið heita í Saigon.

Tilkynnt hefur verið í Kanada, Ungverjalandi og í Indónesíu að ríkisstjórnir þessara landa séu reiðubúnar til að senda lið til Víetnams til friðargæzlustarfa um eða eftir helgina. Búizt er við slíkri tilkynningu frá Póllandi líka. Kanadamenn hafa þó tekið fram, að þetta gildi aðeins til næstu 2ja mánaða hvað þá snerti; þá verði tekin ný ákvörðun um málið.

Hvert þessara landa sendir 290 manns eða alls 1.160 manns, en sennilega verður yfir þriðjungur þjónustufólk af ýmsu tagi. Gæzlusveitirnar eiga að dreifa sér um landið og tilkynna — yfirleitt að samhljóða ákvörðun allra 4ra — um það sem þeim finnst athugunar- eða aðfinnsluvert og ekki í samræmi við vopnahléssamninginn. Í Suður-Vietnam munu nú vera um hálf önnur miljón manns undir vopnum.

Genfar-ráðstefnan um Indó-Kína 1954 kom á fót eftirlitssveitum frá Kanada, Póllandi og Indlandi.

Styrjaldaraðilarnir fjórir munu mynda sameiginlega hermálanefnd með aðalbækistöð í Saigon. 55 fulltrúar verða frá hverjum aðila.

Fréttaritari NTB í Washington bendir á, að vopnahléssamningurinn kveður ekki á um neina takmörkum á liðsafla Bandaríkjamanna í Thailandi eða úti fyrir ströndum Víetnams. Þess vegna sé alls ekki víst, að Bandaríkjamenn séu nú á leið út úr Indó-Kína. Á þessu svæði eru nú bækistöðvar fyrir gífurlegan flugstyrk eða um 1000 flugvélar, þar af 600 í Thailandi.

Í Saigon er tilkynnt um að bardagar haldi áfram linnulaust í Suður-Víetnam. Bandarískir flug liðar og landhermenn muni rækja skyldur sínar svo sem venja er til, allt þar til vopnahléð gengur í gildi.

Formælandi Kambódíu-stjórnar sagði í dag, að stjórn sín áskildi sér rétt til að halda áfram að biðja Bandaríkjamenn um hernaðaraðstoð. Myndi hún þarfnast aðstoðar við lofthernað

Athugað með sprengjur — jarðýtur sendar

Í frétt frá almannavarnarráði sem blaðinu barst í gær kemur fram að sendur hefir verið sérstakur slökkvibíll til Eyja. Í athugun eru hugmyndir um hvort unnt kann að vera að bægja hraunstraumnum frá byggðinni og er það prófessor Þorbjörn Sigurgeirsson sem hefur það mál til athugunar. Þá eru á athugunarstigi hugmyndir um að sprengja fram rásir fyrir hraunstraum í gegnum gígvegg til sjávar.

Þá eru á leið til Eyja tvær 20 tonna jarðýtur.

Sprengingar á Írlandi

BELFAST 25/1 — Kaþólskir menn og brezkir hermenn áttu í hörðum bardögum í dag eftir að sprengja hafði eyðilagt bjórkrá í Portadown, 48 kílómetrum suðaustan við Belfast. Síðdegis sprungu 3 sprengjur í Belfast sjálfri.

Þar fór að rjúka



Öll umferð var bönnuð um Búastaðatúnið í gær því þar var tekið að rjúka upp úr túninu. Kortið sýnir vel Vestmannaeyjakaupstað og nágrenni hans.
Sjá nánar í frásögninni á forsíðu.

Alþingi kom saman í gær

Alþingi kom saman að nýju í gær, eftir fundahlé síðan fyrir jól. **Eysteinn Jónsson**, forseti sameinaðs alþingis minntist í upphafi þingfundar þeirra atburða, er hér hafa gerzt síðustu daga, eldsuppkomu í Vestmannaeyjum. Við birtum ávarp Eysteins á 5. síðu blaðsins.

Þrír varamenn tóku sæti á alþingi í gær og eru þeir þessir: **Hannes Baldvinsson**, síldarmatsmaður, Siglufirði, sem er varamaður Ragnars Arnalds, en Ragnar er erlendis í opinberum erindagjörðum. **Tómas Karlsson**, ritstjóri, sem er varamaður Einars Ágústssonar, utanríkisráðherra, en Einar er erlendis í opinberum erindagerðum. Ingi Tryggvason, blaðafulltrúi Stéttarsambands bænda, sem er 2 varamaður Gísla Guðmundssonar, en Gísli er fjarverandi vegna veikinda.

Hannes Baldvinsson.

Tómas og Ingi hafa áður átt sæti á alþingi, en Hannes Baldvinsson undirritaði eiðstafinn í gær. Er kjörbréf Hannesar hafði verið samþykkt samhljóða var þingfundi slitið.

Zambía ákærir

NEW YORK 25/1 — Zambía ákærir minnihlutastjórn hvítra manna í Rhódesíu fyrir árás og hefur beðið öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að ræða málið.

Dönsku stjórninni fallhætt vegna EBE

KAUPMANNAHÖFN 25/1 — Þingflokkaformenn stjórnarandstöðunnar í Danmörku, frá Vinstri, Radikölum og íhaldssama alþýðuflokknum, kröfðust þess á fundi með Anker Jörgensen forsætisráðherra í dag, að hann veitti Ib Fredriksen landbúnaðarráðherra lausn, þar eð hann nyti ekki lengur trausts þingsins vegna þess samkomulags um landbúnaðarafurðir sem hann hefur gert við Efnahagsbandalagið í Brússel.

Bent er á, að SF-flokkurinn styður ekki minnihlutastjórn jafnaðarmanna í markaðsmálum. Talið er að borgaraflokkarnir vilji ekki taka málið upp á þingi, þar eð það gæti endað með vantrausti á ríkisstjórnina.

Sáttafundur í togaraverkfalli kl. 2 í dag

Verkfall togarasjómanna heldur áfram og er nú boðað til sáttafundar kl. 2 í dag, sagði Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Það hafa verið tilmæli um að fresta þessu verkfalli vegna náttúruhamfaranna í Eyjum. Við héldum fund í samninganefndinni í gær og urðum ásáttir um að taka ekki afstöðu fyrr en málin hafa verið könnuð á sáttafundi, sagði Jón.

Okkur vantar fólk til að bera út blaðið

Skjól
Hringbraut
Hjarðarhaga
Höfðahverfi
Teiga
Laugarnesveg
Sogamýri

ÞJÓÐVILJINN